# Skin og skúrir

Lag og texti:
Margrét Ólafsdóttir




Af tvennu' er betra, treystu því,
að takast á við bylinn
en híma úti' í horni
í hugarkvöl og pín.
Og komirðu' inn úr kuldanum
þú kannt að meta ylinn
og lítur öðrum augum
á allt sem bíður þín.

Já, margt er líkt með lífinu
og logni og veðrahami,
því bæði' í skin og skúrir
þín skiptast ævispor.
Og þó að lífsins lægðager
hér löngum fólkið ami
vill auðnan alla vernda
sem eiga hug og þor

Því ættu' að muna mennirnir
sem mæna út um gluggann,
er ofanhríðin æðir
og úti vindur hvín,
að ef þeir bíða ætíð þess
að öll á braut sé muggan
þeir auðnu sinni ógna
og eigin byrgja sýn.